# SLAGORÐ

Blað Heilaheilla - 1. tbl. 11. árg. 2024



Meðal efnis: Fast hetjur - Samstarfsverkefni Cerebrum

Viðtal: Sólveig Salvör Sigurðardóttir

Heilaheill

- ÁFALL ER EKKI ENDIRINN

# EFNISYFIRLIT


**4** **Heilaslag er neyðartilfelli**
Eins og lesendur Slagorðs þekkja er afar mikilvægt að fólk komist tafarlaust undir læknishendur þegar slag á sér stað því tímaramminn þar sem hægt er að veita árangursríka meðferð er knappur.

**7** **Samstarfsverkefni Cerebrum og Heilaheilla haust 2024**
Þetta haustið er í fullum gangi samstarfsverkefni Heilaheilla og systurfélags þess í Tékklandi, Cerebrum. Cerebrum, sjúklingafélag fyrir fólk sem fengið hefur ákominn heilaskaða, hvort sem er í slysi, eftir heilaslag eða aðra sjúkdóma.

**11** **Tökum til máls**
Málstol er algeng afleiðing heilaslags sem hefur mjög mikil áhrif á líf og lífsgæði þeirra sem við það glíma.

**12** **Samstarf við félagasamtök í Tékklandi**
Á sumarmánuðum var haft samband við félagið um að taka á móti formanni góðgerðarfélagsins Cerebrum, *Nataša Randlová*, sem beitir sér fyrir talþjálfun í Tékklandi.

**13** **Þetta er náttúrulega ekki bara líkamlegt áfall heldur gríðarlegt andlegt áfall**
Sólveig Salvör Sigurðardóttir fékk heilablóðfall 2006 og lamaðist vinstra megin í líkamanum. Hún leitaði óhefðbundinna lækninga í Bandaríkjunum.

**16** **Kveikur fjallar um heilaslag**
Sjónvarpsþátturinn Kveikur gerði heilaslagi góð skil í þætti sem sýndur var í nóvember á síðsta ári en þar ræddu Jóhann Bjarni Kolbeinsson og Ingvar Haukur Guðmundsson við slagþola og sérfræðinga um stöðu málaflokksins i dag.

**18** **Ráðstefna SAP-E í Lissabon**
Þau Björn Logi Þórarinsson lyf- og taugalæknir fyrir ESO á Íslandi og dr. Marianne Elisabeth Klinke forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrun tauga- og taugaendurhæfingarsjúklinga sóttu ráðstefnu SAP-E í Lissabon.

**20** **Jólafundur Heilaheilla**
Fyrsti undirbúningsfundur SAP-E á Íslandi var haldinn á Landspítalanum 27. júní 2023. Fundinn sátu Dr. Marianne Elisabeth Klinke forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrun tauga- og taugaendurhæfingarsjúklinga.

**21** **Öflugt samstarf við talmeinafræðinga**
Fyrsti laugardagsfundur vetrarins þann 7. september fjallaði um málstol og talmeinaþjónustu en á fundinn mættu Þóranna Hanna Halldórsdóttir aðjúkt við HÍ og teymisstjóri hjá Kjarki og dr. Helga Thors.

**22** **Líf mitt í litlum bútum**
Bráðskemmtilegur félagsfundur Heilaheilla var haldinn á þrettándanum, laugardaginn 6. janúar þar sem Karl Ágúst Úlfsson, leikari sagði frá reynslu sinni af slagi.

**23** **Atvinnutengd endurhæfing**
Heilablóðfall er ofarlega á baugi hjá Írlendingum, að mati Leo Varadkar.

**24** **Laugardagsfundir Heilaheilla**
Laugardagsfundir heilaheilla eru haldnir reglulega en þar gefst félagsmönnum kostur á að mæta í húsakynni félagsins í Mannréttingahúsi ÖBÍ, Sigtúni 43 í Reykjavík.


ÍSLENSK ERFÐAGREINING

RG Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990

Útgefandi: Heilaheill - Sigtúni 42 - 108 Reykjavík - Sími 561 2200/8605585 - Heilaheill.is - heilaheill@heilaheill.is
Ritstjóri: Dagný Maggýjar - Prófarkalestur: Dagný Maggýjar - Umbrot: Burkni Aðalsteinsson Prentkaup.



*Þórir Steingrímsson*
*Mynd: ÞS*

**Formannspistill**

# GULA SPJALDIÐ - EKKI BÍÐA ÞESS RAUÐA

Að koma í veg fyrir líkamlegan skaða með fræðslu, - jafnvel dauða, eru helstu markmið HEILAHEILLA.

Eitt af aðalverkefnum þess er að vekja athygli almennings á helstu einkennum heilablóðfalls, með útgáfu blaðs, bæklinga, heilaappi, viðtölum o.fl..

Helstu einkennin eru sjóntruflun; óvenjulegur svimi; lömun útlima; andlitslömun; glatað mál, - en geta þó verið fleiri og hver og einn verður að bregðast hratt og rétt við þegar þau gera vart við sig. Þó að einkennin minnki aðeins eða "gangi til baka" um stundarsakir, er viðkomandi umsvifalaust hvattur til að leita sér læknis. Þetta var gula spjaldið! En ef hann gerir það ekki, þá gæti dómarinn lyft rauða spjaldinu! Því fyrr sem bráðaliðar koma á vettvang, því meiri möguleikar á að skaðinn verði minni.

Hverskonar fötlun eftir heilaslag er ómælt tjón fyrir einstaklinginn, aðstandendur og samfélagið allt. Með þátttöku í evrópskum samtökum slagþola, Stroke Alliance For Europe (SAFE) og fagaðila í European Stroke Organisation (ESO), er félagið þátttakandi í sameiginlegu átaki Stroke Action Plan for Europe (SAPE), er gerðu samkomulag um átak gegn slaginu í álfunni og draga m.a. úr vexti þess um 10%. Félagið hefur lagt áherslu á að hér á landi sé mynduð marktæk landsáætlun gegn heilablóðfalli. Tveir á dag er tveimur of mikið! Að mati sérfræðinga fer heilablóðföllum fjölgandi, - þvert á aðra sjúkdóma. Eftir því sem velferðin er meiri, því meiri hætta á að einstaklingurinn skapi sér óþarfa áhættuþætti með hreyfingarleysi, óhóflegri neyslu í mataræði, neyslu ávana- og fíkniefna o.s.frv.. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna slagþola og aðstandenda þeirra á landsvísu, með það að leiðarljósi að auðvelda samskipti milli einstaklingsins og heilbrigðisyfirvalda, hvar sem hann býr.

Árlega hefur félagið staðið fyrir alþjóðlegum slagdegi í október (World Stroke Day). Félagið hefur komið upp aðstöðu á þessum degi í verslunarmiðstöðvum, Kringlunni, Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri, þar sem læknar, hjúkrúnarfræðingar, sjúklingar og aðstandendur ræða við gesti og gangandi, veita þeim upplýsingar um lýðheilsu, næringu og vekja athygli á þeim sjúkdómum er leiða til slags. Hver og einn verður að vakta sjálfan sig og bíða ekki eftir rauða spjaldinu!!

**Þórir Steingrímsson**
**Formaður Heilaheilla**

STEMMA
BÓKHALDSSTOFA

Blikksmiðjan
VÍK

## FAST HETJUR Á ÍSLANDI – ÁHRIFARÍK HERFERÐ GEGN HEILASLAGI

# Heilaslag er neyðartilfelli

**Eins og lesendur Slagorðs þekkja er afar mikilvægt að fólk komist tafarlaust undir læknishendur þegar slag á sér stað því tímaramminn þar sem hægt er að veita árangursríka meðferð er knappur. Allir þjónustuaðilar, frá starfsfólki Neyðarlínu til þeirra sem veita bráðaþjónustu, eru meðvitaðir um að skjót viðbrögð skipta máli.**

„Bráðaþjónusta hefur verið byggð upp samkvæmt þessari hugmyndafræði og þegar upplýsingar berast til starfsfólks Landspítala um „slag innan tímamarka" hrindir það af stað hröðu og skilvirku meðferðarferli," segir Marianne E. Klinke, forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrun tauga- og endurhæfingarsjúklinga á Landspítala háskólasjúkrahúsi og verkefnastjóri FAST 112 verkefnisins á Íslandi.

„Þessi viðbrögð eru æfð af viðbragðsaðilum svo sem sjúkraflutningamönnum, starfsfólki bráðamóttöku, taugalækningadeildar, gjörgæslu- og svæfingardeilda ásamt röntgeninngripslæknum og er meginmarkmiðið að samhæfa viðbrögð til að spara tíma og þar með bjarga heilafrumum og færni."

## Skortur á þekkingu á einkennum

Mikið hefur áunnist í meðferð sjúklinga sem fá heilaslag. En þó að bráðameðferð sé skilvirk nýtist hún skammt ef fólk leitar ekki aðstoðar. Reyndin er sú að eingöngu 11% slagsjúklinga hringja á sjúkrabíl innan við 2 klst. frá upphaf einkenna, hjá 70% slagsjúklinga eru fyrstu viðbrögð að hringja í náinn aðstandanda í stað Neyðarlínunnar. Þegar aðstandendur svara mæla þeir oftast með því að einstaklingurinn hvíli sig og sjái til - en flest heilaslög eru verkjalaus og hringja því ekki sömu viðvörunarbjöllum og til að mynda hjartaáfall.

Það er því afar brýnt að koma þekkingu um einkenni heilaslags til fólks á öllum aldri. Unnið er að því á ýmsum vígstöðvum, til að mynda í gegnum SAP-E verkefnið sem er samstarfsverkefni Evrópsku slagsamtakana og Slagbandalags Evrópu (SAFE) sem Heilaheill og lykill fagaðila vinna að hér á landi, en ekki síst í gegnum fræðsluátök á borð við hinar margverðlaunuðu FAST hetjur.

Starfsfólk taugalækningadeildar LSH átti frumkvæði að



*Bryndís Nielsen, Marianne og Arnrún Magnúsdóttir á FAST hetju ráðstefnu í Aþenu árið 2023.*



*Það var mikið húllumhæ þegar FAST hetju verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Krakow í Póllandi í sumar.*

innleiðingu á FAST hetjunum í íslenskum skólum. „FAST hetjurnar er alþjóðlegt verkefni sem er nú kennt í leik- og grunnskólum um allt land. Börnunum er kennt að þekkja helstu einkenni heilaslags og hvernig skuli bregðast við þeim. Kennslan fer fram í gegnum skemmtilegar teiknimyndapersónur og er fræðslan sniðin að aldri og þroska barnanna. Þau fara svo heim og kenna foreldrum, ömmum sínum og öfum um einkenni slags," útskýrir Marianne.

„Þetta er ekki ólík nálgun og við höfum séð í brunavörnum og umferðafræðslu barna," bætir hún við en nú þegar hafa yfir áttatíu skólar um allt land kennt verkefnið um FAST hetjurnar.

## FAST hetjur um allan heim

FAST hetjurnar eru alþjóðlegt verkefni sem kennt er um allan heim, frá Suður-Afríku og Grikklandi til Úkraínu og Kanada. Sívaxandi þátttaka hefur orðið í verkefninu hérlendis síðan það var innleitt formlega árið 2021. „Árlega er haldin ráðstefna þar sem farið er yfir árangur verkefnisins á heimsvísu og reynslu af innleiðingu deilt, samhliða því eru veitt verðlaun fyrir börn og kennara sem hafa staðið upp úr við innleiðingu og miðlun á þessu mikilvæga verkefni. Það er sannkallað gleðiefni þegar við verðlaunum FAST hetjur ársins og heyrum raunverulegar sögur af afrakstri verkefnisins, sem mæla má hreinlega í lífsbjörg!"

## Könnun á árangri verkefnis

„Til að skoða þekkingu Íslendinga á FAST-hetjunum, einkennum heilaslags og fyrstu viðbrögðum ákváðum við að gera könnun sem var framkvæmd af Félagsvísindastofnun HÍ. Alls svöruðu 935 Íslendingar á aldrinum 20-70 ára könnuninni í ágúst 2023 og var svarhlutfallið 38%, sem er mjög gott," segir Marianne.

Frumniðurstöður sýna að rúmlega helmingur þátttakenda telja sig geta lýst einkennum þegar einhver fær heilaslag og vita að þá beri að hringja í Neyðarlínuna. 47% segjast sammála eða mjög sammála því að þau viti hvernig skuli bregðast við ef einhver fær heilaslag og 31% telja sig geta frætt vini og vandamenn um helstu einkenni heilaslags. Það hljómar kannski ágætlega en ef við hugsum til þess að einn af hverjum fjórum okkar mun líklega fá heilaslag á lífsleiðinni er mikilvægt að gera enn betur.

Í könnuninni var fólk einnig spurt að því hvað það teldi helstu þrjá breytilegu áhættuþætti fyrir heilaslag. Af þeim sem svöruðu voru einungis 22,5% sem nefndu háan blóðþrýsting sem einn af þessum þremur helstu áhættuþáttum. Hækkaður blóðþrýstingur er þó helsti breytilegi áhættuþáttur heilaslags. Það er því ljóst að þó enn skorti á þekkingu á helstu einkennum heilaslags er ekki síður mikilvægt að fræða fólk um áhættuþætti.

Marianne segir að frumtölur úr rannsókninni sýni að Íslendingar standi sig ágætlega hvað varðar þekkingu á einkennum heilaslags en þó sé talsvert mikið svigrúm til að bæta þá þekkingu enn frekar. Auk þess er augljóst að fræðslu skortir á helstu áhættuþáttum, sem hægt er að hafa áhrif á með breyttum lífsstíl, en það getur til að mynda hjálpað til við að koma í veg fyrir slag eða endur-slag.

„Við stefnum á að endurtaka könnunina á þessu ári og vonumst til að merkja þá árangur af því markvissa fræðslustarfi sem við höfum unnið. Við vonumst til að miðla þeim upp-

lýsingum í næsta tölublaði," segir Marianne og bendir á að það skipti miklu máli að dreifa skilaboðunum sem víðast og hvetur fólk til að kynna sér FAST hetjurnar, til að mynda á samfélagsmiðlasíðum átaksins.

QR-kóðar:
Instagram:

QR-kóðar:
Facebook:





# Samstarfsverkefni Cerebrum og Heilaheilla haust 2024

**Þórunn Halldórsdóttir**

Þetta haustið er í fullum gangi samstarfsverkefni Heilaheilla og systurfélags þess í Tékklandi, Cerebrum.
Cerebrum, sjúklingafélag fyrir fólk sem fengið hefur ákominn heilaskaða, hvort sem er í slysi, eftir heilaslag eða aðra sjúkdóma. Höfuðstöðvar Cerebrum eru í Prag og markmið þeirra þar er að auka vitund almennings og stjórnvalda um afleiðingar ákomins heilaskaða og mikilvægi endurhæfingar fyrir þennan hóp. Þá heldur félagið úti skrifstofu þar sem veitt er ýmis konar þjónusta til fólks með ákominn heilaskaða og aðstandenda þeirra, t.d. ráðgjöf, jafningjafræðsla og hópastarf sem leitt er af fagaðilum. Þjónusta þessi er aðallega veitt á staðnum en einnig í gegnum síma eða fjarfundabúnað.

Upphaf þessa verkefnis má rekja til Íslands-heimsóknar stjórnarformanns Cerebrum, Natasa Randlová þar sem hún átti góðan fund með Þóri Steingrímssyni forma Heilaheilla. Hafði hún mikinn áhuga á að heyra af starfsemi Heilaheilla og mögulegu samstarfi á milli þessara tveggja félaga. Í kjölfar heimsóknarinnar var send inn umsókn um styrk fyrir samstarfsverkefni þessara tveggja félaga til Uppbyggingasjóðs EES, sem fjármagnaður er af Íslandi, Noregi og Lichtenstein. Markmið verkefnisins er að:

1. Deila upplýsingum um stöðu og starfsemi Heilaheilla og þá einkum þróun og reynslu af SLAG-appinu.
2. Koma á fót heimsóknum á milli landanna til að deila þekkingu og upplýsingum um vinnulag og áherslur.
3. Að gefa út bækling með leiðbeiningum um starfsemi samskiptahópa fyrir fólk með ákominn heilaskaða og málstol.

Verkefninu var skipt upp í þrjá hluta. Fyrsti hluti verkefnisins hófst með heimsókn þriggja manna sendinefndar frá Tékklandi 18. -22. september. Þeir sem komu fyrir hönd Cerebrum voru Evelina Milfortova verkefnastjóri hjá Cerebrum, Jana Horynova talmeinafræðingur í Albertov endurhæfingardeild




og Michal Kraft, talmeinafræðingur á öldrunardeild Motole spítalans.




Það voru Þórunn Hanna og Helga Thors talmeinafræðingar sem tóku á móti hópnum og skipulögðu dagskrá fyrir þessa 4 daga sem heimsóknin tók. Byrjað var á fundi þar sem Helga og Þórunn Hanna fóru yfir uppbyggingu hópastarfs sem Heilaheill hefur haldið úti fyrir fólk með málstol undir yfirskriftinni Tökum til máls. Í dag er ekki hefð í Tékklandi fyrir hópastarfi fyrir fólk með málstol og voru gestirnir því mjög áhugasamir að heyra um uppsetningu og árangur. Eftir þá kynningu var haldið á Grensás þar sem Ester Sighvatsdóttir, yfirtalmeinafræðingur kynnti fyrir þeim húsnæðið og starfsemina, auk þess sem Helga Thors og Páll Ingvarsson taugalæknir, héldu kynningu um fyrirkomulag í endurhæfingu eftir heilaslag og hvað ber hæst í rannsóknum á málstoli á Íslandi. Á föstudeginum var hist í Kjarki endurhæfingu þar sem hópurinn fékk kynningu á starfseminni og í kjölfarið var fundað um næstu skref samstarfsins og skipulagningu á heimsókn íslenska hópsins til Prag mánuði seinna. Á laugardeginum var gestunum boðið að koma og fylgjast með hópastarfinu í Tökum til máls sem þeim þótti að vonum mjög áhugavert þó hópastarfið hafi farið fram á íslensku og því erfitt fyrir tékkneskumælandi gesti að skilja allt sem fram fór.

Næsti hluti verkefnisins var svo heimsókn íslenskrar sendinefndar til Prag þ. 16.-20. október sl. Þar fóru Þórunn Hanna Halldórsdóttir, talmeinafræðingur í Kjarki endurhæfingu, Helga Thors, talmeinafræðingur á Landspítala og hjá Talsetrinu og Anna Berg Svansdóttir, talmeinafræðingur hjá Talþjálfun Suðurlands sem fulltrúar Heilaheilla. Í þeirri heimsókn var haldið málþing þar sem okkar fulltrúar voru í aðalhlutverki og héldu þær þrjú erindi; fyrst um stöðu og hlutverk Heilaheilla, svo um endurhæfingu eftir ákominn heilaskaða á Íslandi og síðast um uppbyggingu málstolshópa. Mikill áhugi var á þessum erindum og var m.a. verið að bera saman þessi systurfélög, Heilaheill og Cerebrum, bæði hvað varðar áskoranir og velgengi. Þá var mikið um spurningar tengdar fjármögnun og starfsemi Heila-



heilla, sem og mikilvægi langtímaþjálfunar og stuðnings til handa fólki með málstol. Þá hélt Jana Horynova erindi um heimsókn þeirra til Íslands og áframhaldandi samstarf Heilaheilla og Cerebrum komandi mánuði.

Eftir vel heppnað málþing var farið í heimsókn á Albertov endurhæfingarspítalann þar sem haldin var kynning á fyrirkomulagi endurhæfingar innan stofnunarinnar. Albertov sinnir aðeins endurhæfingu á dagdeild og er með 4 vikna þverfaglegt endurhæfingarprógram þar sem þjálfun fer fram 5 daga vikunnar. Eftir það er einstaklingum oft vísað áfram í langtímaendurhæfingu sem fer fram 2-3 daga í viku. Mikið er lagt upp úr þverfaglegri teymisvinnu á Albertov en fyrrum yfirlæknir deildarinnar var mikill frumkvöðull teymisvinnu innan endurhæfingar í Evrópu. Albertov er staðsett í tignarlegu húsi sem er yfir 100 ára gamalt, þar er mjög hátt til lofts og allt umhverfið ber með sér mikla sögu. Athygli vakti að sjúkraþjálfarar hafa allir til umráða eigið herbergi með sjúkrabekkjum og almennri aðstöðu til meðferðar og viðtala. Þá voru skoðuð bæði eldhús og baðherbergi sem nýtt eru til þjálfunar, hópherbergi og hvíldaraðstaða, auk meðferðaraðstöðu fyrir talmeinafræðinga, iðjuþjálfa og músík-þerapista.

Á föstudeginum var farið í kynningu á Sonolab, sem er læknastofa í Prag þar sem 3 taugalæknar starfa aðallega við eftirfylgd sjúklinga sem fengið hafa heilaslag. Dr. Dagmar Soucková tók á móti hópnum og sagði frá læknismeðferð slagsjúklinga í Tékklandi, bæði í bráðafasa og eftir útskrift frá spítala. Tékkar eru stoltir af því að vera með eina af bestu bráðaþjónustum til slagsjúklinga í Evrópu, en þegar henni sleppir standa þeir ekki jafn vel. Verið er að vinna að því að bæta langtímaþjónustu fyrir þennan hóp. Dr. Soucková hefur verið virk í starfi SAFE og ætlar að vera á næstu ráðstefnu þeirra sem haldin verður í Prag 10.-11. mars nk.

Eftir hádegið lá leiðin í höfuðstöðvar Cerebrum þar sem íslensku gestirnir skoðuðu aðstæður og fræddust um starf-

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
DALVÍKURBYGGÐ
Rekstrarvörur
- fyrir þig og þinn vinnustað



semina. Síðan var haldinn fræðslufundur um Ísland fyrir meðlimi Cerebrum þar sem starfsemi Heilaheilla og samstarf þess við Cerebrum var kynnt. Í kjölfarið fór fram kynning á Íslandi í máli og myndum og í lokin fékk Cerebrum ljósmyndabók með myndum frá Íslandi að gjöf frá Heilaheillum. Mikill áhugi var á Íslandi og því sem fram fór á fundinum og miklar umræður sköpuðust.

Þriðji hluti verkefnisins verður svo að útbúa leiðbeiningar um aðferðir og verkefni til að nota í hópastarfi með fólki með málstol. Um verður að ræða samvinnuverkefni íslensku og tékknesku talmeinafræðinganna, en leiðbeiningarnar verða fyrst ritaðar á tékknesku, síðan þýddar yfir á ensku og svo á íslensku. Þær leiðbeiningar munu vonandi nýtast vel í báðum löndum og mögulega ýta undir aukið hópastarf fyrir fólk með málstol.



**Þórunn Halldórsdóttir**

# Tökum til máls

Málstol er algeng afleiðing heilaslags sem hefur mjög mikil áhrif á líf og lífsgæði þeirra sem við það glíma. Málstol hefur þær afleiðingar að málfærni og geta einstaklingsins til að tjá sig skerðist. Auk þess að hafa áhrif á munnlega tjáningu, getur málstol einnig haft áhrif á aðra þætti máls s.s. málskilning, lestur og ritaða tjáningu. Málstol getur verið misalvarlegt, allt frá því að einskorðast við getu til að finna orð og tjá sig í krefjandi aðstæðum upp í það að hafa mikil áhrif á alla þætti máls. Fólk með alvarlegt málstol á í erfiðleikum með alla tjáningu og vinna úr því sem aðrir segja við þá. Mikilvægt er að halda til haga að fólk með málstol býr yfir sömu þekkingu og áður en getur nú ekki nýtt hana né deilt á sama hátt með öðrum. Málstoli fylgir oft mikil einsemd og félagsleg einangrun. Fólk með málstol á erfiðara með að sinna hlutverkum sem það hafði áður, bæði tengt atvinnu og persónulegu lífi. Ýmsar rannsóknir, bæði erlendis og hér á landi, benda til þess að málstol hafi mjög neikvæð áhrif á lífsgæði einstaklingsins. Fólk með málstol á erfiðara með að taka þátt í hópsamræðum og málnotkun þeirra er oft mjög lítil yfir daginn. Þá benda rannsóknir til þess að félagsleg örvun og jafningjastuðningur hafi jákvæð áhrif á andlega heilsu og samskiptafærni.

Löng hefð er fyrir samstarfi Heilaheilla og talmeinafræðinga, m.a. í hópastarfi fyrir einstaklinga sem glíma við málstol. Haustið 2022 var farið af stað með hópinn Tökum til máls um málstol og var hann starfandi þann vetur. Markmið þessa hóps var að gefa þátttakendum tækifæri til að efla samskiptafærni sína og gefa þeim tækifæri til að læra af öðrum sem eru í svipaðri stöðu. Þá fór einnig fram fræðsla um orsakir og eðli málstols og bjargráð. Áhersla var á málnotkun sem nýtist einstaklingnum í hans daglega lífi. Öll fræðsla og verkefni voru aðlöguð að þörfum þátttakenda. Þennan vetur voru skráðir þátttakendur 14 haust 2022 og 11 vor 2023. Þátttakendur á hverjum fundi voru frá 6-9 manns. Dagskráin var fjölbreytt og tók m.a. til umræðna um ferðalög, bókmenntir, spil og bernskuminningar. Mikil ánægja var með framtakið hjá þeim hópi sem nýtti sér samtalshópinn. Tímarnir voru leiddir af tveimur talmeinafræðingum sem undirbjuggu umræðuefni og sáu til þess að til staðar væri samskiptastuðningur við hæfi þannig að allir þátttakendur gætu tekið þátt í umræðunni. Allir talmeinafræðingarnir sem tóku þátt í þessu lýstu yfir ánægju með starfið og voru tilbúnir til að taka aftur þátt í slíku hópastarfi. Tökum til máls er nú aftur farið af stað og eru 16 manns skráðir til þátttöku. Mæting hefur verið frá 10-13 manns. Markmið þessa hópastarfs er áfram að auka tækifæri einstaklinga með málstol til að taka þátt í samræðum, kynnast öðrum í svipaðri stöðu, gefa af sér og læra af hvort öðru. Ekki síst að hlæja og hafa gaman saman.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt geta haft samband við
Þórunni Hönnu á netfangið thorunnh@kjarkurendurhaefing.is.

Málstol er eitt af taugaeinkennum sem geta hamlað fólki eftir heilaslag.
Málstol verður vegna skaða á málstöðvum heilans.
Það hefur þau áhrif að einstaklingurinn á erfitt með að finna orð og mynda setningar.
Málstol hefur líka áhrif á málskilning og færni til að lesa og skrifa.

Tökum til máls er hópur sem hittist á laugardögum veturinn 2022-2023.
Markmið Tökum til máls er að fólk með málstol fái tækifæri til að æfa sig að segja frá.
Líka að þeir fái tækifæri til að hlusta á aðra og læra af hinum.
Tökum til máls byrjaði aftur í september 2024
Talmeinafræðingar stjórna hópnum.
Í hverri viku er tekið fyrir ákveðið umræðuefni.
Markmið er að allir taki þátt í samræðunum og segi frá á sinn hátt.

# Samstarf við félagasamtök í Tékklandi

Á sumarmánuðum var haft samband við félagið um að taka á móti formanni góðgerðarfélagsins Cerebrum, *Nataša Randlová*, sem beitir sér fyrir talþjálfun í Tékklandi, hvort sem málstolið er tilkomið vegna ákomins heilaáverka eða slags. Óskaði félagið eftir samstarfi vegna verkefnis sem styrkt er af sjóði innan EES samningsins og byggir á samstarfi Íslands, Noregs og Liechtenstein.

Nataša er aðstandandi, móðir drengs sem fengið hefur heilablæðingu og óskaði hún eftir formlegu samstarfi félaganna innan EES, og þá sérstaklega sjóð sem hún er reiðubúin að stofna í Tékklandi. Sjóðurinn hefði það verkefni að skipuleggja samskipti félaganna, m.a. um málstol, vitglöp, talþjálfun og þar sem fulltrúar HEILAHEILLA gætu farið til Prag og lært um talþjálfun og fulltrúar CEREBRUM komið til Íslands. Heilaheill hefur brugðist jákvætt við enda munu slík samskipti auka á þekkingu og gæði þjónustu við félagsmenn.



*Á myndinni eru Nataša Randlová og sonur hennar auk Þóris Steingrímssonar formanns Heilaheilla*

SPEKTRA
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
LITRÓF
umhverfisvottuð prentsmiðja
UMHVERFISMERKI
141 912
Prentsmiðja
VÍNBÚÐIN



# „Þetta er náttúrulega ekki bara líkamlegt áfall heldur gríðarlegt-andlegt áfall“

**Sólveig Salvör Sigurðardóttir fékk heilablóðfall 2006 og lamaðist vinstra megin í líkamanum. Hún leitaði óhefðbundinna lækninga í Bandaríkjunum hjá manni sem sagðist geta læknað lömun. „Ég er mjög ánægð og sátt með það sem ég fékk.“**

„Ég vaknaði upp á Grensás og sá hjólastól við hliðina á mér í rúminu og ég sagði: hver á þetta?“ rifjar Sólveig Salvör Sigurðardóttir sem venjulega er kölluð Sissa, upp. „Það var margt sem ég var ekki alveg að fatta fyrstu dagana. Ég gerði mér enga grein fyrir því hvað ég var alveg út úr kú.“

Haustið 2006 þjáðist Sissa af þrálátum hausverk og hneig að endingu niður. „Svo kom í ljós að þetta var alvarleg heilablæðing sem olli því að ég lamaðist alveg vinstra megin.“ Rætt var við Sissu í þættinum Dagur í lífi, íslenskri þáttaröð um fólk með fötlun eða skerta starfsgetu og fengum við leyfi hennar til að endurbirta það hér.

## Þrálátur höfuðverkur reyndist forboði heilablæðingar

Sólveig Salvör, sem jafnan er kölluð Sissa, hefur unnið ýmislegt í gegnum tíðina. Hún er búsett á Akranesi og vann mikið

# „Ég var búin að vera með hausverk af og til í tvö ár. Alltaf að leita til lækna og var ýmist með vöðvabólgu eða mígreni og fékk verkjalyf við því.“

í fiskvinnslu og líkaði það vel. Haustið 2006 fékk hún alvarlega heilablæðingu sem breytti lífi hennar til frambúðar. Hún hefur í dag skerta hreyfigetu á vinstri hluta líkamans og gengur með staf. „Ég er náttúrulega einhent og er orðin vön því alveg. Það eina sem þessi hönd gerir er að fá smá þjálfun annars kreppist hún bara,“ segir Sissa. „Ég er alveg með fulla tilfinningu í henni en get ekki notað hana.“

Í aðdraganda heilablæðingarinnar hafði Sissa fundið fyrir þrálátum hausverk. „Ég var búin að vera með hausverk af og til í tvö ár. Alltaf að leita til lækna og var ýmist með vöðvabólgu eða mígreni og fékk verkjalyf við því.“ Sissa var að passa tvö barnabörn sín og að þrífa heita pottinn þegar hún hneig niður. „Svo bara dett ég út, eins og hún segir þessi þriggja ára,“ segir Sissa um það þegar barnabarn hennar kallaði á son hennar sem var skammt undan. „Ég skil ekki hvernig henni datt það í hug en hann hringdi strax í 112, í staðinn fyrir að koma og gá að mér eins og ég hefði pottþétt gert.“

## Lamaðist vinstra megin í líkamanum

Það var Sissu til happs að sonur hennar hringdi svona skjótt í neyðarlínuna. „Á leiðinni í sjúkrabílnum til Reykjavíkur sögðu sjúkraflutningamennirnir mér að ég hefði alveg dottið út og þeir áttu erfitt með að koma mér í gang aftur. Þannig að þetta var víst alveg heljarinnar blæðing.“
Sissa var flutt á Borgarspítalann þar sem hún var skorin upp. „Þetta var mjög stór gúlpur sem ég hef sennilega fæðst með.“ Í ljós kom að heilablæðingin olli lömun vinstra megin í líkama hennar. „Ég var inni á Borgarspítala í nokkrar vikur og er síðan flutt þaðan á Grensás í endurhæfingu.“

Sissa var illa áttuð á þessum tíma. „Ég sest upp þegar ég er komin í anddyrið á Grensás og kem svo upp þar sem setustofan er og horfði bara: Guð minn góður, hvað ætli hafi komið fyrir allt þetta fólk?“ rifjar hún upp. „Fólk var hárlaust með hefti í hausnum og ég var ekkert að gera mér grein fyrir að ég var þannig líka.“

## Fannst þungbært að þurfa aðstoð við heimilisstörf

„Þessi tími breytti öllu mínu lífi. Ég lamaðist alveg vinstra megin plús ég missti sjónsviðið til vinstri og þar með var jafnvægið alveg tekið.“ Sissa var alveg jafnvægislaus og átti erfitt með gang. „Þetta er náttúrulega ekki bara líkamlegt áfall heldur gríðarlegt andlegt áfall.“

„Ég var svona aktíf manneskja sem var alltaf allt í öllu og svo allt í einu er manni kippt út úr öllu,“ segir Sissa. Þegar hún kom heim að lokinni endurhæfingu á Grensás fannst henni þungbært að þurfa aðstoð við heimilisstörf. „Ég var miður mín. Mér fannst það hræðilegt, ég var svo mikill aumingi og gat ekkert.“

Þegar Sissa byrjaði í reglulegri sjúkraþjálfun jókst styrkur hennar og leikni. „Þetta kemur í rólegheitunum því góðir hlutir gerast hægt,“ segir hún. Frammi fyrir henni voru tveir kostir: að hafa sig hæga og sætta sig við ástand sitt eða halda sér við og stunda æfingar. „Ég ákvað að ég ætlaði ekki að vera sú sem sæti bara í stól og gerði ekki neitt.“ Vinnan hefur borið árangur. Sissa fer í göngur og sund auk reglulegra æfinga hjá sjúkraþjálfara. „Ég gæti ekki verið ánægðari hvar ég er komin í dag miðað við hvar ég var stuttu eftir áfallið. Þetta er allt annað líf.“

## Safnaði fyrir ferð með sölu málverka

„Við svona aðstæður breytist allt. Ekki bara maður sjálfur heldur allt í kringum mann líka,“ segir Sissa. „Ég skil við manninn minn og verð einstæð móðir með 12 ára strák sem var alveg nýtt fyrir mér.“ Hún hélt ótrauð áfram og sinnti æfingum sínum ötullega. „Ég byrjaði jafnframt á því að mála sem mér fannst rosalega gaman og gefa mér helling.“

Sissa fór á myndlistarnámskeið og hefur málað allar götur síðan. Hún hefur haldið sýningar og selt töluvert af verkum sínum og fjármagnaði þannig að hluta ferð til Bandaríkjanna. „Ég er náttúrulega alltaf að berjast og vil alltaf vera betri og betri. Svo frétti ég af meðferð úti í Bandaríkjunum, um mann



*Frumkvöðull í útrás*

sem gefur sig út fyrir að lækna fólk sem hefur fengið heilablóðfall."

## Óhefðbundin meðferð sem lækna á lömun

